

Menning

Menning

Menning



Ólafur Lárusson — Nafnlaust, 1985.

Andlit, hendur, sköp

Sýning Ólafs Lárussonar að Kjarvalsstöðum

Í rúman áratug hefur Ólafur Lárusson myndlistarmaður verið fylginn sér á sviði gjörninga, aksjóna ýmissa konar og annarra myndlistarframkvæmda með yfirbragði nýlistar. Áherslur og markmið þessara verka hafa verið breytilegar og ekki alltaf auðvelt að átta sig á hugmyndalegri undirstöðu þeirra — a.m.k. ekki fyrir þann sem hér þikkar á ritvél.

Þó sýnist mér gerlegt að rekja þróun þessara verka Ólafs, a.m.k. í grófum dráttum, án þess að leggja dóm á gildi þeirra eða vægi í myndlistarlegu tilliti. Þau hafa oftast en ekki verið byggð upp sem nokkurs konar átök eða árekstrar milli listamannsins annars vegar og umhverfisins hins vegar. Í eldri verkum notar hann náttúruna sem eins konar mælker á tilfinningar. Gengur hann á vit hennar, lætur hana vinna með sér verkin eða storkar henni með því að gefa sig henni á vald um stundarsakir.

Mannraunir

Með tímanum verða gjörningar listamannsins ákafari og jafnframt sjúbjektifari. Hann býr til alls konar hindranir til að streitast á móti þeim, að því er virðist upp á líf og dauða, leggur á sig mannaunir í líki frumstæðra ritúala og gengur í skrokk á sjálfum sér. Ólafur var reyndar ekki einn um þessa hluti á síðasta áratug því ritúöl og mannaunir tíðkuðust mjög meðal evrópskra gjörningalista-manna á þeim tíma.

En þrátt fyrir þær ytri aðstæður sem listamaðurinn skapaði sér til að glíma við í eigin persónu þá held ég að þessir gjörningar hafi fyrst og fremst verið innhverf verk og án víðari skirskotunar, glíma við eigið sjálf.

Það fannst mér koma berlega í ljós í seinni speglaverkum listamannsins en þar tekst hann á við spegilmynd sína sem hann hylur, skreytir eða brýtur.

Hvar er gangverkið?

Ef greina má einhver tengsl milli fyrri gjörninga Ólafs og hinnar undarlegu sýningar hans að Kjarvalsstöðum þá liggja þau sennilega í þessum tilvisunum í sjálfu eða egðið. Sýningin er einmitt uppfyll af andlitum, sem að visu ganga undir nöfnum ýmissa goða og náttúrukrafta, en eru visast nokkurs konar staðgenglar egðisins.

Myndlist

Aðalsteinn Ingólfsson

En þótt tengslin séu fyrir hendi er ekki hlaupið að því að finna í þessari sýningu gangverkið. Fyrir það fyrsta er hún allt of stór, yfir 200 ítem, og mörg smærri verkin hverfa eins og krækiber í hinum staðnum. Í talsvert smækkaðri mynd hefði sýningin tekið sig vel út á heimavígstöðvum Ólafs, Nýlistasafninu. Vart er það stuðningsyfirlýsing við þá stofnun, að

einn af forsvarsmönnum hennar skuli kjósa að sýna að Kjarvalsstöðum.

Þrátt fyrir þennan mikla fjölda mynda, er þetta samt furðanlega fá-breytt sýning og einhæf.

Útrás

Sömu mótifin ganga tilbreytingar-lítið í gegnum hana; stílfærð andlit, andlit í prófil, hendur, sköp. Nú eru tilbrigði um stef leyfileg í myndlist eins og í tónlist, en þó ætlast maður til meiri hugkvæmni í úrvinnslu þeirra en gerður vart í myndverkum Ólafs.

Helst er það í nokkrum stærri myndum að listamaðurinn breytir til með því að klippa pappír og rífa og gefa honum þannig snefil af þrívídd — og með því að magna upp teikninguna. Þá er mér ekki örgrannt um að sumar þeirra vakni til lífsins.

Ég efa ekki að listamaðurinn hafi haft einhverja þörf fyrir þessa útrás í anda hins „nýja málverks“. En sú þörf skilar sér ekki nógu vel til áhorfandans, sem þarf að fá hana yfirfærða í margrætt, hugmyndafrætt myndmál, átakamikla teikningu og maleríska hugsun. -AÍ.



Söluskattur

Viðurlög falla á söluskatt fyrir aprílmánuð 1985, hafi hann ekki verið greiddur í síðasta lagi 28. þ.m.

Viðurlög eru 4% af vangreiddum söluskatti fyrir hvern byrjaðan virkan dag eftir eindaga uns þau eru orðin 20%, en síðan reiknast dráttarvextir til viðbótar fyrir hvern byrjaðan mánuð, talið frá og með 16. júní.

20. maí 1985,
Fjármálaráðuneytið.

Veistu það. . . ?


Ég stend í bakstri og matseld á hverjum degi, meira eða minna. Ég legg mikið upp úr að steikin verði eins og ég vil hafa hana og kökurnar verði jafnbrúnar. Þegar ég fékk mér nýju innréttinguna valdi ég mér Blomberg tækin frá Einari Farestveit. Þau eru alveg dýrðleg. Þú ættir að skoða þau.

Blomberg



CITROËN

NOTAÐUR CITROËN NÆSTBESTI KOSTURINN



Höfum til sölu notaðan Citroën BX 16 TRS árg. 1984, bíl sem er í fyrsta flokks ástandi, ekinn aðeins 15.000 km, svartur og fallegur.

Upplýsingar hjá Globus h/f,
símar 81555 og 82739.

Opið laugardaga frá
kl. 2—5.

CITROËN CITROËN CITROËN

Globus



STEINOLÍUOFNAR



- Moonlighter: 2,11 kw. Brennir 6,4 ltr. á 26—36 klt. Hentar fyrir ca. 27 m².
- Radiant 26: 1,81 kw. Brennir 3,4 ltr. á 19—27 klt. Hentar fyrir ca. 20 m².
- Radiant 36: 2,92 kw. Brennir 4,9 ltr. á 16—23 klt. Hentar fyrir ca. 34 m².

Skeljungsúðin

Síðumúla 33
símar 81722 og 38125



Vapona og Shelltox Lyktarlausu flugnafæurnar

FÁST Á ÖLLUM HELSTU SHELL-STÖÐUM OG Í FJÖLDA VERSLANA UM LAND ALLT.



Skeljungur h.f.

SMÁVÖRUEILD - SÍMI: 81722